



**61. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 29. ágúst 2022
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Björgvin Stefán Pétursson varamaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Þórhallur Borgarson aðalmaður, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir varamaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Dagskrá:

1. 202111134 - Málefni hafna í Múlaþingi 2022

Hafnarstjóri fer yfir helstu verkefni.

Gestir

Björn Ingimarsson - 08:30

2. 202010543 - Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Múlaþingi

Lagðar eru fram til kynningar og umræðu siðareglur kjörinna fulltrúa í Múlaþingi. Sveitarstjóri situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að taka til umræðu siðareglur kjörinna fulltrúa í Múlaþingi og mögulega taka þær til endurskoðunar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Björn Ingimarsson - 00:00

3. 202208120 - Innsent erindi, Nýting á heitu vatni við Djúpavog

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi, dagsett 23. ágúst 2022, frá óstofnuðu félagi um uppbyggingu á ylströnd við Búlandshöfn í Hamarsfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfismálastjóra og atvinnu- og menningarstjóra Múlaþings að funda með forsvarsfólki fyrirhugaðs félags og HEF veitum um nýtingu á heitu vatni og



möguleika á afnotum af landi við Búlandshöfn.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Björn Ingimarsson - 00:00

4. 202206263 - Innsent erindi, Vegna verðlagningar á byggingalóðum einbýlishúsa á Egilsstöðum

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi þar sem óskað er eftir því að verð á tilteknum byggingarlóðum á Egilsstöðum verði endurskoðað. Um er að ræða einbýlishúsalóðir við Bjarkasel 10, 12 og Bláargerði 21, 27, 51, 53 og 69. Jafnframt er lagt fram minnisblað um gatnagerðargjöld í Múlaþingi, unnið af verkefnastjóra fjármála á umhverfis- og framkvæmdasviði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð bendir á að sveitarfélagið tekur ákvörðun um afslátt af gatnagerðargjaldi lóða með ákveðin markmið í huga og er sú ákvörðun alla jafna tekin í tengslum við fjárhagsáætlanagerð ár hvert. Ástæður fyrir afslætti geta til að mynda verið efling brothættar byggðar, landfræðilegar aðstæður, þétting byggðar eða brýn húsnæðisþörf.

Erindinu er að öðru leiti vísað til umfjöllunar í tengslum við ákvörðun um afslátt af gatnagerðargjöldum næsta árs.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202111136 - Vindorka í Múlaþingi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir allra heimastjórna Múlaþings um drög að skýrslu um greiningu hentugleika svæða til nýtingar vindorku í Múlaþingi. Jafnframt er lögð fram endanleg útgáfa skýrslunnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir vel unna skýrslu og samþykkir að vísa fyrirbyggjandi skýrslu til kynningar og umfjöllunar hjá sveitarstjórn Múlaþings.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fulltrúar V-lista(PH og HSB) lögðu fram eftirfarandi bókun:

Virkjun vinds er mögulega hluti þess sem við viljum nýta til raforkuframleiðslu í framtíðinni. Áður en það verður þarf Alþingi að skapa lagalega umgjörð um hvar má og hvar ekki virkja vind og að verðleggja þá auðlynd sem vindur og landnýting tengt virkjun hans eru. Vinna að því er hafin, en einhver bið verður á fullbúinni löggjöf á því sviði. Bíða þarf þeirrar umgjjarðar svo forðast megi það slys sem varð í fiskeldissögu Íslands, þar sem leyfisveitingar hófust áður en lagaleg umgjörð lá fyrir. Komi til samþykktar sveitarfélagsins á skýrslu Eflu gæti í versta falli þýtt að samþykkt væri plagg, unnið á grunni rangra forsenda. Því skyldi ekki nýta þessa skýrslu til gerðar aðalskipulags, þó hún geti einhvern tíman orðið gagnleg, þá er sá tími ekki kominn. Þannig ber að kynna sess hennar fyrir íbúum.



6. 202010422 - Aðalskipulagsbreyting, Fljótshérað, Fjarðarheiðargöng

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir og athugasemdir sem bárust við kynningu vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 vegna Fjarðarheiðarganga. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 25. ágúst síðastliðinn.

Umsagnir bárust frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, HEF veitum, heimastjórn Fljótshéraðs, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Skipulagsstofnun en umsögn Minjastofnunar Íslands er væntanleg á næstu dögum. Ein athugasemd barst frá almenningi. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

Fulltrúi M-lista(HKH) lagði fram eftirfarandi bókun:

M-listinn lýsir furðu sinni á því að í skipulagstillögunni er talað um að Melshornsleið með brú við Melshorn er tekin útaf aðalskipulagi (kafli 4 bls. 8). Brúin og leiðin er hluti Norðurleiðar, auk þess að vera nauðsynleg vegna framtíðar-uppbyggingar norðan Eyvindarár. Svo virðist sem meirihlutinn sé búinn að taka skammsýna ákvörðun um Suðurleið bak við tjöldin án þess að viðurkenna það.

Þá vill M-listinn benda á að með Suðurleið stefnir ekki bara í aðalskiplags-klúður heldur líka umhverfisslys í einstöku nátturuvætti Egilsstaðaskógar stærsta fundarstað blæspar á landinu.

Reynt var að friðlýsa skóginn á Náttúruverndaráætlun 2009-2013 en ekki varð af því vegna andstöðu landeigenda. Sveitarstjórnafulltrúi M-listans hefur gert Landvernd aðvart.

M-listinn vill vel auglýstan opinn íbúafund um þetta stórmál með tilliti til að fara eigi með leiðarvalið í íbúakosningu, þar sem svo virðist sem almennt fylgi sé með Norðurleið fremur en Suðurleið.

Gestir

Sigurður Jónsson - 10:40

7. 202105090 - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Fjarðarheiðargöng

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir og athugasemdir sem bárust við kynningu vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Fjarðarheiðarganga. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 25. ágúst síðastliðinn.

Umsagnir bárust frá Náttúrufræðistofnun Íslands, HEF veitum, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og heimastjórn Seyðisfjarðar en umsögn Minjastofnunar Íslands er væntanleg á næstu dögum. Engin athugasemd barst frá almenningi.

Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

8. 202102240 - Deiliskipulag, Valgerðarstaðir



Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga nýs deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæði við Valgerðarstaði í Fellum. Skipulagið er sett fram í greinargerð og á uppdrætti, dagsett 12. ágúst 2022. Jafnframt er lagt fram til kynningar minnisblað um græn svæði í skipulaginu, dagsett 26. ágúst 2022. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til auglýsingar tillögunnar. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Fljótshálsbæjar að fyrirbyggjandi tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með þeim breytingum að svæðið "grænn geiri við Klofastein" verði felldur út og lóðir aðlagðar og að nýjar götur fái allar nafnið Valgerðarvegur.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

9. 202208128 - Byggingaráform, grenndarkynning, Mánatröð 8

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi þar sem óskað er eftir afstöðu vegna grenndarkynningar fyrirhugaðra byggingaráforma við Mánatröð 8 á Egilsstöðum en ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning nái til fasteignaeigenda við Mánatröð 6 og 10, Ártröð 3, 5 og 7.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

10. 202110188 - Starfshópur um gerð loftslagsstefnu fyrir Múlaþing

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að skipa nýja fulltrúa í starfshóp um gerð loftslagsstefnu fyrir Múlaþing. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að kalla eftir tilnefningum eins fulltrúa frá hverju framboði sem fulltrúa á í sveitarstjórn Múlaþings auk eins fulltrúa frá ungmennaráði Múlaþings og eins frá öldungaráði Múlaþings.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

11. 202012168 - Skriðuföll á Seyðisfirði

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur bókun frá heimastjórn Seyðisfjarðar þar sem ráðið er hvatt til að fara í vinnu við að klára frágang á Búðareyri eftir skriðuföll hið fyrsta.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri fór yfir stöðu vinnu á svæðinu. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Málinu frestað til næsta fundar.



12. 202104121 - Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur beiðni um umsögn við tillögu um strandsvæðaskipulag Austfjarða. Frestur til að skila inn umsögn er til 15. september næst komandi.

Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

